

4. Skammstöfunin NFN fellur brott aftan við eftirtalin lyf:

Benzhexolum
Liothyroninum
Methylergometrimum
Phenylbutazonum
Polymyxinum
Primidonum
Propanthelinum
Sulfamethoxypyridazinum
Thiamazolum.

5. Skammstöfunin CMS fellur brott aftan við lyfið Thebaconum.

11. gr.

Í 16. gr. reglugerðarinnar kemur í stað orðanna „sbr. reglugerð nr. 136 18. nóvember 1955“ sbr. reglugerð nr. 242 14. nóvember 1966.

12. gr.

Í viðauka 1, undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, sbr. 14. gr. b, komi nýr liður svo hljóðandi:

Lyf, jurtalyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Hexylresorcinolum	Töflur, er innihalda 5 mg eða minna		Sucrets MSD

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölugaga nr. 30 29. apríl 1963, gengur þegar í gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. maí 1969.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 102 10. maí 1965,
um vaxtabréfalán Iðnlánasjóðs.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Iðnlánasjóði er heimilt að gefa út sérstakan flokk vaxtabréfa í þeim tilgangi að breyta í föst lán lausaskuldum starfandi iðnfyrirtækja, sem hafa ekki fengið viðunandi lán til langs tíma til framkvæmda, sem þau hafa ráðizt í, enda séu lausaskuldir þessar umfram eðlileg rekstrarlán, miðað við veltufjármuni fyrirtækisins. Þessara lána njóta aðeins þau fyrirtæki, sem skylt er að greiða Iðnlánasjóðsgjald samkvæmt ákvæðum laga um Iðnlánasjóð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán, nr. 36 15. maí 1964, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 87 20. desember 1968.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 3. febrúar 1969.

Jóhann Hafstein.

Brynjólfur Ingólfsson.

5. febrúar 1969.

Nr. 52.

REGLUGERÐ

**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Suðureyrarkauptún,
nr. 74 18. maí 1948.**

1. gr.

22. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

- a. Skip og bátar, sem eru eign manna, búsettra í Súgandafirði og gerð út þaðan til fiskveiða og flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerð eru út frá Suðureyri a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, kr. 10.00 af hverri heilli brúttórúmllest skips eða báts. Vélbátar, minni en 5 rúmllestir brúttó, skulu greiða kr. 100.00 í lestagjald á ári.
- b. Önnur innlend fiskiskip greiða 40 aura fyrir hverja brúttórúmllest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó ekki minna en 5 kr. í hvert sinn.
- c. Innlend strandferðaskip greiða 50 aura af nettórúmllest í hvert skipti, er þau koma til Suðureyrarhafnar.
- d. Önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema þau, sem undanþegin eru hafnargjöldum, greiða, ef þau hafa samband við land, 120 aura af hverri brúttórúmllest í hvert skipti. Hálf rúmllest telst sem heil, minna broti skal sleppt.

2. gr.

24. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, sem leggst að bólvirki eða bryggju, hvar sem er í höfninni, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum brúttórúmllestum, en broti skal sleppt.

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- a. Bátar og skip, 12 brúttórúmllestir og stærri, sem eru eign búsettra manna í Suðureyrarhreppi, greiði kr. 10.00 af hverri brúttórúmllest á ári. Minnsta gjald kr. 100.00.
- b. Öll aðkomuskip greiða 50 aura af nettó rúmllest fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af sólarhring, sem þau liggja við bryggju. Minnsta gjald skal þó vera kr. 30.00 í hvert sinn. Liggi þau skip utan á öðru skipi greiðist aðeins hálf gjald. Sama máli gegnir um þau aðkomuskip, er fiskveiðar stunda frá Suðureyri, eða eru gerð út þaðan. Þá getur hafnarnefnd, ef hún telur ástæðu til, gert samning um bryggjugjald slíkra skipa. Erlend skip greiða 75 aura af nettó rúmllest. Heima-bátar greiði kr. 8.00 af hverri brúttórúmllest á ári. Undanþegin bryggjugjaldi eru sömu skip og um getur í 23. gr., nema er þau flytja vörur og farþega, sem þau taka gjald fyrir. Þó eru herskip og skemmtiferðaskip alltaf undanþegin bryggjugjaldi og öðrum hafnargjöldum.